

Fundur í YFN BLI 10.júní 2024

Mættir voru fulltrúar frá: Prótti Nes, Völsung. KA, Vestra og Aftureldingu (GS)

Umræðuefni:

Íslandsmót yngri flokka 2024-2025 : Dagsetningar og framkvæmd

Bikarmót yngir flokka 2024-2025: Dagsetningar og framkvæmd-

- ❖ Íslandsmót að hausti (U14 og U16 og haustmót U12): 25.-27.okt
 - sama tíma og U19 NEVZA
 - **Fyrri hluti Íslandsmóts þessa flokka yrðu spiluð eftir Monrad kerfi og ekki verði leyfð gestalið á fyrri mótinu. Ef 10 lið eða fleiri skrá sig þá mun deildinni verða skipt upp í 1. og 2.deild á seinna mótinu miðað við úrslit fyrri hluta Íslandsmótsins og spilað til verðlauna í báðum deildum. Gestalið leyfð á seinna mótinu.**
- ❖ Bikarmót (U14, U16 & U20): 6.-8. Desember
 - **Bikarmótinu skipt upp á 2 helgar. U14 og U20 spila í desember og U16 spila 1.og 2.febrúar. (laus helgi)**
 - það þarf svo að ákveða hvort að úrslitin veðri spiluð þar eða á Kjörísbikarhelginni 6.-9. mars 2025
 - **Úrslitaleikir í U14 og U16 spilaðir á Kjörísbikarhelginni 6-9.mars 2025. Amk 5 lið þurfa að skrá sig til leiks til úrslitaleikir flokksins verði spilaðir í Digranesi. Ef færri en 5 lið skrá sig í U14 eða U16 þá munu úrslitin verða spiluð á bikarmótinu sjálfu.**
 - **Tillaga YFN BLI er að bjóða t.d. HK fjáröflun varðandi úrslitahelgina í Digranesi. Að taka að sér gistingu og fæði fyrir yngri flokkana sem mæta (redda skóla eða Fagralundi eins og síðast) og sjá um bolta og vinnu við úrslitaleikina hjá U14 og U16 þá helgi.**
- ❖ Íslandsmót að vori U16: 9.-11. Maí : **Halda þessari dagsetningu og þessum aldursflokki á þessari helgi þar sem helgi seinna í maí er ekki góð fyrir þennan aldur.**
- ❖ Íslandsmót að vori U14 og U12: 16.-18. maí: **Halda þessari upphaflegu dagsetningu.**
 - **Það eru engar lausar helgar í apríl fyrir Íslandsmót yngri flokka. Ómögulegt að spila mót þegar úrslitakeppnin fer fram , þó að það sé 4.leikur sem gæti orðið síðustu leikir.**
- ❖ Úrslitahelgi Íslandsmóts U20: 23.- 25. Maí: **Sleppa þessu móti. Taka úrslitakeppni U20 samhliða úrslitakeppni B liða í lok mars eða sleppa henni alfarið,**